



Til: jakob@skipulag.is, "Jón Þórir Þorvaldsson" <jon@skipulag.is>
Efni: Viðhaldsdýpkun í Landeyjahöfn og efnislosun - frummatsskýrsla
Upplýsingar: Sent: 04.02.2020 11:43:35 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2020010047, Málalyklar: 42-0 Umsagnir almennt

Tilvísun í mál: 2020010047

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 8. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu vegna viðhaldsdýpkunar í Landeyjahöfn og efnislosun vegna hennar.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir frummatsskýrsluna. Með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, eðli og umfangi framkvæmdarinnar, staðsetningu og náttúrufari á umræddu efnislosunarsvæði telur Náttúrufræðistofnun að í frummatsskýrslunni sé gerð grein fyrir framkvæmdinni að mestu með fullnægjandi hætti. Það eina sem Náttúrufræðistofnun telur að á vanti í frummatsskýrslunni, þó umrætt efnislosunarsvæði sé líklega mjög óstöðugt, er umfjöllun um hvort og hvernig þurfi að vakta áhrif efnislosunarinnar á umhverfisþætti.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

